

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2019
Tilvísun: 2019091809/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 26. september 2019 um umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (þskj. 101, 101. mál á 150. löggjafarþingi).

Gert er ráð fyrir að umrædd lög komi í stað gildandi laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, og reglna nr. 112/1958, um útgáfu vottorða og veitingu upplýsinga úr þjóðskránni.

Persónuvernd telur það vera mjög til bóta að sett verði ný og fyllri löggjöf á þessu sviði, en tekið skal fram að stofnunin hefur áður veitt umsögn um frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (þskj. 1229, 772. mál á 149. löggjafarþingi), dags. 4. júní 2019. Persónuvernd áréttar þau sjónarmið sem fram koma í fyrri umsögn en gerir jafnframt eftirfarandi athugasemdir við nánar tilgreind ákvæði frumvarpsins.

1.

Í 5. gr. frumvarpsins segir að Þjóðskrá Íslands sé heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar, þjóðerni, trúarbrögð og hjúskaparstöðu, og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur stofnuninni í té, stofnunin aflar sjálf eða berast frá þriðja aðila í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögnum og sérákvæðum annarra laga að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í athugasemdum við ákvæðið er vísað til framangreindrar upptalningar en þá tiltekið að um viðkvæmar persónuupplýsingar sé að ræða.

Upplýsingar um þjóðernislegan uppruna eru taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga samkvæmt skilgreiningu í a-lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd telur rétt að áréttu að hugtakið er notað sem þýðing á enska hugtakinu *ethnic origin* og vísar það einkum til þátta sem tengjast félagslegum, menningarlegum, trúarlegum eða tungumálalegum uppruna einstaklinga. Ekki er hins vegar átt við upplýsingar um fæðingarland, ríkisfang eða sambærileg atriði sem varða eingöngu tengsl einstaklinga við tiltekin ríki. Síðarnefndu upplýsingarnar teljast því almennt ekki viðkvæmar persónuupplýsingar, einar og sér. Að mati Persónuverndar verður ekki séð að Þjóðskrá Íslands hafi málefnalega ástæðu til þess að vinna með upplýsingar um þjóðernislegan uppruna – sé það hugsunin með orðinu *þjóðerni* í 5. gr. frumvarpsins. Skráning á ríkisfangi, og eftir atvikum einnig fæðingarlandi, kann hins vegar að teljast eðlileg með hliðsjón af lögbundnum verkefnum Þjóðskrár Íslands. Að mati Persónuverndar er nauðsynlegt að orðalag ákvæðisins sé skýrt hvað varðar framangreint. Er því lagt til að í stað hugtaksins *þjóðerni* verði notað hugtakið *ríkisfang*, eða eftir atvikum *ríkisfang og fæðingarland*.



Í áðurnefndri umsögn Persónuverndar um eldra frumvarp til laga um skráningu einstaklinga (þskj. 1229, 772. mál á 149. löggjafarþingi), dags. 4. júní 2019, var ítarlega fjallað um hugtökin þjóðerni og þjóðernislegur uppruni, með hliðsjón af því hvenær slíkar upplýsingar teldust viðkvæmar í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Vísast til þeirrar umfjöllunar hér og eru þau sjónarmið sem þar koma fram hér áréttuð.

Fyrirgreind upptalning í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins gerir jafnframt ráð fyrir að upplýsingar um hjúskaparstöðu séu viðkvæmar persónuupplýsingar. Persónuvernd bendir af því tilefni á að upplýsingar um hjúskaparstöðu eru ekki skilgreindar sem viðkvæmar upplýsingar í 1. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. mgr. 9. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, (ESB) 2016/679. Er orðalagið í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins því óheppilegt og rangt að þessu leyti.

Persónuvernd bendir jafnframt á að í 15. tölul. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands skrái hvert gjöld til skráðra trúfélaga eða lífsskoðunarfélaga skuli renna, sbr. einnig 4. mgr. 9. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög. Verður samkvæmt þessu, og með vísan til áratuga framkvæmdar á þessu sviði með það að markmiði að jafna stöðu þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga, ekki gerð athugasemd við það að samkvæmt 5. gr. frumvarpsins vinni Þjóðskrá Íslands með upplýsingar um skráningar í trúfélög og lífsskoðunarfélög. Á það skal hins vegar bent að upplýsingar um hvort tveggja, trúarbrögð og lífsskoðun, eru taldar til viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr. a-lið 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2018. Því leggur Persónuvernd til að upplýsingum um skráningu í lífsskoðunarfélög verði bætt inn í upptalninguna í 5. gr. frumvarpsins.

Loks leggur Persónuvernd til breytingu á yfirskrift 5. gr. frumvarpsins, sem nú ber heitið „*Persónuvernd*“, en heppilegra er að mati stofnunarinnar að greinin beri yfirskriftina „*Vinnsla persónuupplýsinga*“, enda lýsir það betur innihaldi hennar.

Að öllu framangreindu virtu leggur Persónuvernd til að 5. gr. frumvarpsins orðist svo:

„5. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

Þjóðskrá Íslands er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga um heilsufar, ríkisfang, skráningu í trúfélög og lífsskoðunarfélög og hjúskaparstöðu, og annarra upplýsinga sem hinn skráði lætur stofnuninni í té, stofnunin aflar sjálf eða berast frá þriðja aðila í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum og sérákvæðum annarra laga að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.“

2.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að erlendir ríkisborgarar geti vegna sérstakra hagsmuna hér á landi fengið útgafna kerfiskennitölu hjá Þjóðskrá Íslands. Í 2. mgr. ákvæðisins segir jafnframt að við útgáfu kerfiskennitölu séu skráðar tilteknar persónuupplýsingar um þann einstakling sem hljóti kerfiskennitölu og að ráðherra ákveði með reglugerð hvaða persónuupplýsingar skuli skrá við útgáfu kerfiskennitölu.



Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á að æskilegt er að kveðið verði skýrt á um það í reglugerð hvaða persónuupplýsingar skuli skráðar við útgáfu kerfiskennitölu. Við vinnsluna þarf að gæta meðalhófs og skrá ekki frekari upplýsingar en nauðsynlegt er í þágu tilgangans.

3.

Í 3. mgr. 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um afhendingu upplýsinga úr Þjóðskrá. Í 6. mgr. 12. gr. segir að Þjóðskrá Íslands hafi eftirlit með miðlun og notkun upplýsinga úr Þjóðskrá. Þá segir meðal annars að Þjóðskrá Íslands sé heimilt að heimsækja starfsstöð miðlara eða viðskiptavinar hans, krefja miðlara eða viðskiptavin hans um að sýna fram á að meðhöndlun gagna sé í samræmi við lög og að fá óháðan úttektaraðila til að sinna eftirliti. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu er sérstaklega tilgreint að þau lög sem meðal annars séu hér undir í eftirliti Þjóðskrár Íslands séu lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á að skv. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er Persónuvernd það eftirlitsstjórnvald sem annast eftirlit með framkvæmd almennu persónuverndarreglugerðarinnar, ESB 679/2016, laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og sérákvæða í lögum sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga og annarra reglna um efnið. Persónuvernd telur því að Þjóðskrá Íslands verði ekki falið eftirlit með lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga á þann hátt sem gert er ráð fyrir í athugasemdum við frumvarpið, sbr. framangreint.

4.

Í 3. kafla almennra athugasemda við frumvarpið segir að gert sé ráð fyrir því í framtíðinni að uppflettingar í Þjóðskrá fari fram með því sem kallað sé vefkall. Þá sé gert ráð fyrir því að sá einstaklingur sem flett er upp geti fengið upplýsingar um hver hafi flett honum upp og hvenær.

Í þessu sambandi vekur Persónuvernd athygli á mikilvægi þess að þegar einstaklingar eiga í hlut, þ.e. þegar uppfletting er framkvæmd af hálfu einstaklinga, sé þeim veitt viðeigandi fræðsla um hvernig unnið verði með persónuupplýsingar þeirra, í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Að öðru leyti fagnar Persónuvernd því að gagnsæi og upplýsingaréttur einstaklinga sé aukinn með fyrrgreindum hætti.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið en áréttar að hún er reiðubúin að til veita frekari umsögn um einstök ákvæði verði þess óskað.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

